

176. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 14. janúar 2020, í Stykkishólmi og á Skype vegna veðurs

Mætt: Erla Friðriksdóttir formaður, Róbert Arnar Stefánsson, Magnús A. Sigurðsson, Ragnhildur Sigurðardóttir (á Skype), Karl Kristjánsson (á Skype), Eyjólfur Bjarnason (á Skype).

Arnheiður Jónsdóttir boðaði forföll.

Fundarritari: Róbert Arnar Stefánsson

Formaður setti fund kl. 10:30.

Kynning frá Vör/Hafrannsóknastofnun

Afgreiðsla:

Frestað til næsta fundar vegna veðurs.

Fundargerð 175. fundar

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Erindi frá Skipulagsstofnun: Vegaframkvæmdir á Dynjandisheiði og Bíldudalsvegi, ósk um umsögn.

Afgreiðsla:

Rætt. Róbert gerir drög út frá umræðu á fundinum og sendir á nefndarmenn. Klárað í gegnum tölvupóst og birt á heimasíðu nefndarinnar undir „umsagnir“.

Drög að frumvarpi til laga um Þjóðgarðastofnun og þjóðgarða, umsögn.

Afgreiðsla:

Rætt. Róbert og Theódóra gera drög að umsögn út frá umræðu á fundinum. Klárað í gegnum tölvupóst og birt á heimasíðu nefndarinnar undir „umsagnir“.

Staða styrktra verkefna:

- Öryggis- og umgengnisbæklingur, Náttúrustofa Vesturlands og Anok.
 - Í vinnslu hjá Anok.
- Fornminjakort í Flatey, Fornleifafélag Barðstrendinga og Dalamanna.
 - Athugasemdir Breiðafjarðarnefndar hafa verið sendar til Fornleifafélagsins sem er að leggja lokahönd á hönnun.
- Mat á búsvæðanýtingu fiskseiða á innanverðum Breiðafirði, Rannsóknasetur HÍ á Vestfjörðum.
 - Í vinnslu. Anja Nickel, doktorsnemi, er að vinna handrit til birtingar byggt á þeim gögnum sem safnað var. Skýrslunni verður skilað samhliða þeirri grein, líklega um miðjan janúar.

- Vistfræðilegt hlutverk strandsjávarbúsvæða á Breiðafirði, Vör sjávarrannsóknasetur.
 - Lokið. Fulltrúar Varar koma á næsta fund nefndarinnar og kynna niðurstöður.
- Örnefnaskráningar, Náttúrufræðistofnun Íslands.
 - Skilað inn til Landmælinga Íslands.
 - Nýtt verkefni hefur verið skilgreint og er hafið. Skil áætluð í nóvember.
- Fjöruvísir – gerð kennsluefnis, Svæðisgarður Snæfellinga og Vör sjávarrannsóknasetur.
 - Að mestu lokið. Kynning á næsta fundi.

Framtíð Breiðafjarðar

Afgreiðsla:

Farið yfir skjal þar sem finna má áætlun um fyrirhuguð fræðslukvöld í sveitarfélögum við fjörðinn og útfærslu þeirra, punkta varðandi fræðslu- og kynningaráætlun nefndarinnar fyrir árið 2020. Í skjalinu er óskað eftir innleggi frá nefndarmönnum varðandi innihald greinargerðar um framtíð Breiðafjarðar sem unnin verður samhliða þeirri samráðsvinnu sem nefndin mun sinna á næstu misserum.

Fjármál nefndarinnar 2019

Yfirlit yfir fjármál nefndarinnar 2019 lagt fram.

Afgreiðsla:

Samþykkt.

Fjármál nefndarinnar 2020

Drög að fjárhagsáætlun nefndarinnar fyrir 2020 lögð fram.

Afgreiðsla:

Drög samþykkt.

Næsti fundur:

Fimmtudaginn 27. febrúar í Stykkishólmi.

Fundi slitið kl. 12:12